




Textílmennning í Zambíu



Tribal Textiles er handverksstofa nærri fjölsóttum þjóðgarði í Zambíu austanverðri. Nær lagi væri að kalla það verksmiðju, stórir salir rúma fjölda manna við klæðagerð og rúmgóð sýningarherbergi koma vörum á framfæri við ferðamenn.





Mynstrin eru sótt í afríska menningu, en einkum er það dýralíf ásamt daglegu lífi í sveitabörpunum sem er útfært á litríkum klæðum.





Dúkar, koddaver, rúmábreiður,
töskur, veggteppi og hvaðeina er
falboðið og flutt út til nærliggjandi
landa.

